

Fráveita Seltjarnarness

Ársreikningur  
2019

Fráveita Seltjarnarness

Austurströnd 2

170 Seltjarnarnes

kt. 560269-2429

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

## Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra

---

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.


Rekstramiðurstaða Fráveitunnar var jákvæð á árinu 2019 að fjárhæð 80,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé Fráveitunnar var neikvætt um 78,5 millj. kr í árslok samkvæmt efnahagsreikningi.

Fráveita Seltjarnarness er að fullu í eigu Seltjarnarnesbæjar.

Stjórn veitustofnana Seltjarnarness og veitustjóri staðfesta hér með ársreikning Fráveitunnar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 19. mars 2020

Stjórn veitustofnana:



Veitustjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til veitustjórnar og eigenda Fráveitu Seltjarnarness.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fráveitu Seltjarnarness („veitan“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsstillaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu veitunnar 31. desember 2019 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar veitustjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð sveitarfélaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Önnur atriði

Ársreikningur veitunnar árið 2018 var endurskoðaður af öðrum endurskoðendum. Áritun þeirra er dagsett 20. mars 2019 og er án fyrirvara.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og veitustjóri eru ábyrgð fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi er að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

### Ábyrgð stjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Stjórn og veitustjóri eru ábyrgð fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og veitustjóri eru einnig ábyrgð fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og veitustjóri ábyrgð fyrir mati á rekstrarhæfi veitunnar. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og veitustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvörðunartöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitung við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi veitunnar:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgvöta ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgvöta ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits veitunnar, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrgð fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar veitunnar og berum ein ábyrgð á álit okkar á veitunni.

Okkur ber skylda að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er verðar óháði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óháði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óháði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 19. mars 2020.

---

**Sturla Jónsson**  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Rekstrartekjur</b>				
Fráveitugjald .....		179.362	175.557	170.166
		179.362	175.557	170.166
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....		5.858	5.858	0
Annar rekstrarkostnaður .....		46.593	66.649	42.984
Afskriftir .....	5	16.144	15.109	15.109
		68.595	87.617	58.094
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		110.766	87.940	112.072
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Vextir og verðbætur .....		(30.394)	(46.188)	(33.975)
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>		<b>80.372</b>	<b>41.753</b>	<b>78.097</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Fastafjármunir:</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Veitukerfi .....	5	271.912	254.671	268.596
	25 - 30	<u>271.912</u>	<u>254.671</u>	<u>268.596</u>
<b>Fastafjármunir</b>		<u>271.912</u>	<u>254.671</u>	<u>268.596</u>
<b>Veltufjármunir:</b>				
Skammtímakröfur:				
Aðalsjóður Seltjarnarness .....		65.933	0	14.329
<b>Veltufjármunir</b>		<u>65.933</u>	<u>0</u>	<u>14.329</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>337.845</u></u>	<u><u>254.671</u></u>	<u><u>282.925</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>Ársreikningur 2019</b>	<b>Áætlun 2019</b>	<b>Ársreikningur 2018</b>
<b>Eigið fé</b>				
Eigið fé (ójafnað tap).....	6	(78.490)	(163.599)	(158.862)
Eigið fé samtals		<u>(78.490)</u>	<u>(163.599)</u>	<u>(158.862)</u>
<b>Langtímaskuldir</b>				
Langtímaskuldir við Aðalsjóð.....	7	416.289	409.124	441.738
Næsta árs afborgun langtímaskulda.....		(39.037)	(51.801)	(36.913)
		<u>377.252</u>	<u>357.323</u>	<u>404.826</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>				
Aðalsjóður Seltjarnarness.....		(0)	9.095	0
Næsta árs afborgun langtímaskulda.....	7	39.037	51.802	36.913
Ýmsar skammtímaskuldir.....		46	51	49
		<u>39.083</u>	<u>60.948</u>	<u>36.962</u>
Skuldir samtals		<u>416.335</u>	<u>418.269</u>	<u>441.787</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u>337.845</u></u>	<u><u>254.671</u></u>	<u><u>282.925</u></u>



## Sjóðstreymisýfirlit árið 2019

	Skýr.	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Rekstramiðurstaða.....		80.372	0	78.097
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir .....	5	16.144	0	15.109
Verðbætur, aðalsjóður .....		12.279	0	14.939
Veltufé frá rekstri		<u>108.795</u>	<u>(27.310)</u>	<u>108.145</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		(3)	0	(2)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(3)</u>	<u>0</u>	<u>(2)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>108.792</u>	<u>(27.310)</u>	<u>108.143</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	5	(19.460)	0	(11.568)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(19.460)</u>	<u>0</u>	<u>(11.568)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>				
Aðalsjóður Seltjarnarness breyting.....		(89.332)	0	(96.575)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(89.332)</u>	<u>0</u>	<u>(96.575)</u>
<b>Breyting á handbæru fé.....</b>		<b>0</b>	<b>(27.310)</b>	<b>0</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Handbært fé í árslok.....</b>		<b>0</b>	<b>(27.310)</b>	<b>0</b>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

### Innlausn tekna

2. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

### Færsla gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Veitukerfi
Heildarverð 1.1.2019.....	875.525
Afskrifað áður .....	(606.929)
	<u>268.596</u>
Viðbót á árinu.....	19.460
Afskrifað á árinu.....	(16.144)
	<u>271.912</u>
Bókfært verð 31.12.2019.....	271.912
Afskriftarhlutföll .....	4,0%

## Eigið fé

6. Yfirlit um eigið fé (ójafnað tap):

Flutt frá fyrra ári.....	(158.862)
Rekstrarniðustaða ársins.....	80.372
Eigið fé (ójafnað tap) samtals 31.12.2019.....	<u>(78.490)</u>

## Skýringar frh.

### Langtímaskuldir

#### 7. Yfirlit um langtímaskuldir:

Aðalsjóður, verðtryggt lán með 4,0% vöxtum.....	377.252
	<u>377.252</u>

Afborganir af langtímaskuldum sjóðsins greinast þannig á næstu ár:

	<b>Samtals</b>
Árið 2020.....	39.037
Árið 2021.....	40.599
Árið 2022.....	42.223
Árið 2023.....	43.912
Árið 2024.....	45.668
Afborgun síðar .....	165.813
Langtímaskuldir alls.....	<u>377.252</u>

### Tengdir aðilar

8. Aðal- og varamenn í veitustjórn ásamt veitustjóra eru skilgreindir sem tengdir aðilar fráveitunnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða stjórn þessara aðila.

Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem fráveitan veitir. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

